



Landssamtök  
Bundarfélag fyrir sigling  
og fiski  
árið 1812  
Háskóli Íslands



## Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið

Kristinn Hugason

Skúlagötu 4

150 Reykjavík

Reykjavík, 25. júní 2012

### Efni: Umsögn um gjaldskrá Matvælastofnunar

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið óskaði þann 23. maí síðastliðinn eftir umsögn undirritaðra samtaka um tillögu Matvælastofnunar um breytingu á gjaldskrá stofnunarinnar. Óskað var eftir frekari gögnum og nánari upplýsingum um frest til að skila umsögn, sem veittar voru, en umsagnarfrestur er til 25. júní nk.

Umrædd gjaldskrá var sett á grundvelli heildarendurskoðunar matvælalöggjafarinnar með lögum nr. 143/2009, sem breyttu lögum um matvæli nr. 93/1995. Tillaga MAST felur í sér almenna hækkan tímagjalds um 18% auk annarra breytinga til hækunar gjalda.

Samtökin benda á að umrædd gjaldtaka MAST er, eðli sínu samkvæmt, innheimta á þjónustugjöldum og því undirorpin almennum skilyrðum varðandi töku slíkra gjalda. Við afmörkun á því hvaða kostnaðarliði heimilt er að leggja til grundvallar á fjárhæð þjónustugjalds verður að hafa í huga að stjórvaldi er aðeins heimilt að taka gjald fyrir beinan kostnað eða kostnað sem er í nánum og efnislegum tengslum við þá þjónustu eða starfsemi sem sérstaklega er tilgreind í viðhlítandi gjaldtokuheimild, en að jafnaði er ekki heimilt að líta til annarrar og óskyldrar starfsemi stjórvaldsins, sbr. t.d. álit umboðsmanns Alþingis í málum nr. 1041/1994 og nr. 4189/2004 sem og álit setts umboðsmanns í máli nr. 5530/2008.

Samtökin ítreka að þjónustugjaldi er eingöngu ætlað að standa að hluta eða öllu leyti undir kostnaði við þá þjónustu sem látin er í té af hinu opinbera. Það má leiða af skilyrðum 40. og 77. gr. stjórnarskrárinna að stjórvaldi er með öllu óheimilt að afla almennra rekstrartekna með innheimtu þjónustugjalda. Samtökin benda á að þegar ætlunin er að nýta gjaldtokuheimild að fullu þá verður ákvörðun á fjárhæð gjaldsins að byggjast á traustum útreikningi á þeim kostnaði sem almennt hlýst af því að veita umrædda þjónustu. Ef ekki er hægt að sérgreina nákvæmlega ákveðna kostnaðarliði, er heimilt að byggja þá á eðlilegri áætlun. Hærra gjald er almennt óheimilt að taka.

Af fyrirliggjandi drögum að gjaldskrá má ráða að óskýrleiki gjaldtökunnar er mikill og skortir verulega á að gagnsæi gjaldtökunnar. Er því erfitt að ráða hver heildaráhrif gjaldtökunnar verða á eftirlitsskylda aðila. Gengur sa óskýrleiki gegn þeiri grundvallarreglu að gjaldtaka skuli vera skýr og ótvírað.

Þá vekja samtökin athygli á að í gildi er reglugerð nr. 812/1999 um eftirlitsreglur hins opinbera sem sett er á grundvelli laga nr. 27/1999 um opinberar eftirlitsreglur. Að mati samtakanna virðist almennt sem víða sé pottur brotinn hjá hinu opinbera varðandi eftirfylgni með framangreindum lagaheimildum. Að gefnu tilefni vísa samtökin því til ákvæða 6. gr. reglugerðarinnar þar sem segir m.a. að stjórnvald beri að meta kostnað sem eftirlitsreglur hafa í för með sér en með kostnaði er bæði átt við beinan kostnað hins opinbera og kostnað atvinnulífs og einstaklinga. Til að koma í veg fyrir mismunun, röskun á samkeppnishæfni eða ójafna samkeppnisstöðu skal stjórnvald meta fjárhagsleg áhrif eftirlitsreglna á einstök svið þjóðfélagsins og atvinnugreinar. Af fyrilliggjandi gögnum, þ.m.t. greinargerð MAST sem fylgdi umsagnarbeiðni ráðuneytisins er ekki unnt að greina að slíkt mat hafi farið fram. Í ljósi þessa er enn mikilvægara að fyrir liggi kostnaðargreining vegna gjaldtökunnar með hliðsjón af raunkostnaði MAST sem eftirlitið kallar á. Vísast hér því til þess sem að framan greinir varðandi töku þjónustugjalda. Í ljósi þessa áskilja samtökin sér þann rétt að leita álits ráðgjafarnefndar um opinberar eftirlitsreglur varðandi umrædda gjaldtöku.

Rétt er að rifja upp nokkur atriði sem samtökin lögðu áherslu á í umsögn sinni 26. febrúar 2010. Í umsögn samtakanna var lagt til að stofnaður yrði starfshópur sem skipaður yrði fulltrúum MAST og hagsmunaaðila sem hefði það hlutverk að fara yfir og endurskoða forsendur og efni gjaldskrárinnar sbr. 4. mgr. 17. gr. laga nr. 143/2009. Því miður hefur ekki orðið af þessu, en við leggjum ríka áherslu á að starfshópur verði stofnaður til að atvinnugreinin sé upplýst um forsendur gjaldskrárinnar og mögulegar breytingar á þeim.

Jafnframt lögðum við áherslu á að sýnatökum yrði stillt í hóf eins og framast er heimilt og að þess sé gætt að ekki verði tekin sýni á mörgum vinnslustigum til að kanna tilvist sömu efna eða lífvera. Mikilvægt er að heimilt væri að fyrirtækin geti sjálf boðið út greiningu sýna reynist það fjárhagslega hagkvæmara. Við skoðun gjaldskrárinnar og greinargerðar MAST er ekki að finna nálgun stofnunarinnar að þessu leyti til fyrirtækjanna. Óhófleg og ónauðsynleg sýnataka felur í sér aukakostnað og óhagkvæmni, bæði fyrir atvinnugreinina og eftirlitsaðila. Samstarf og samvinna að þessum verkefnum er því nauðsynleg og er kallað eftir því að það verði formgert.

Samtökin lögðu einnig áherslu á að haft yrði samráð við fulltrúa hverrar greinar við gerð áhættumats og eftirlitsáætlunar. Slíkt samráð hefur ekki átt sér stað og til að bæta gráu ofan á svart hefur stofnunin framkvæmt áhættu- og frammistöðumat sem mun hafa mikil áhrif á eftirlitskostnað hjá öllum matvæla- og fóðurfyrirtækjum án aðkomu fyrirtækjanna eða samtaka þeirra. Samtökin mótmæla harðlega sílikum vinnubrögðum.

Í 4. grein er fjallað um gjöld vegna inn- og útflutnings. Útflutningsskoðunargjald er að hækka um 17%. Fer úr 5000 kr. í 5844 kr. Samtökin sjá ekki rök fyrir því að gjald fyrir kjötafurðir hækki þegar fyrirtækin eru komin með full útflutningsleyfi og framleiðsluvörur þeirra í frjálsu flæði. Fyrirtækjum er gert að greiða bæði fyrir hleðslustaðfestingu og heilbrigðisvottorð ef um útflutning til landa utan ESB er að ræða. Hleðslustaðfesting er framkvæmd af dýralækni sláturhússins, en

útflutningsskrifstofa MAST í RVK gefur út heilbrigðisvottorð. Væri ekki hagkvæmara að dýralæknir hússins gæfi út alla pappíra vegna útflutningsins?

Í 5. gr. Er fjallað um eftirlitsgjald vegna heilbrigðissskoðunar á sláturdýrum og kjötskoðunar. Samtökin sjá ekki rök fyrir hækjun á þessu gjaldi. Sláturleyfishafar eru nú farnir að greiða stórfé fyrir t.d. tríkínusýnatöku sem áður var innifalin í kjötskoðunargjaldi. Þá er í nýútkomnu áhættu- og frammistöðuflokkunarkerfi MAST gert ráð fyrir að innheimt verði sérstaklega tímagjald fyrir eftirlitsskoðanir í sláturhúsum skv. matinu, þ.e. eftirlitsskoðanir sem eru umfram daglegt lögbundið eftirlit framkvæmt af eftirlitsdýralæknum húsanna. Áður var allur kostnaður við eftirlitskoðanir og aðra þjónustu dýralækna innifalinn í kjötskoðunargjaldi. Gjaldið ætti því miklu fremur að lækka en hækka.

Tímagjald fyrir eftirlitsheimsóknir þarf nánari skýringa. Reynsla kjötvinnslufyrirtækja er að skýrslu sé nánast hægt að ganga frá á staðnum og afhenda í lok heimsóknar. Einnig er óljóst hvaða tíma þarf í undirbúning fyrir rútinueftirlit og ekki endilega hægt að fullyrða að mælingar eða viðmiðanir danskra eftirlitsaðila eigi við á Ísland og auðvitað alls ekki ásættanlegt að eftirlitsskyldir aðilar taki þátt í uppbyggingu tölvukerfa eða skoðunarhandbóka eins og réttilega er bent á í greinargerð MAST. Samtökin ítreka að einungis er heimilt að innheimta gjald fyrir raunkostnað við eftirlitið og leggja áherslu á að þeim kostnaði verði haldið í lágmarki. Samtökin draga í efa að rétt sé að reikna ferðakostnað inn í tímagjaldið og telja að það sé í andstöðu við það meginþjónarmið að eftirlitsþegar skuli greiða raunkostnað. Eðlilegra sé að innheimtur sé raunverulegur ferðakostnaður við hverja eftirlitsheimsókn. Þá draga Samtökin í efa að kostnaður vegna samrekstrar sé raunverulega 67,5% af launakostnaði. Sýna þarf fram á rök fyrir því.

Í 6. og 7.gr. er fjallað um eftirlitsgjöld, annarsvegar vegna aðskotaefnamælinga lagardýra og hinsvegar vegna opinberra eftirlitssýna í fóðri. Hér kann að vera að skörum á mælingum en einnig hugsanlega endurtekning mælinga, því efnin berast með fóðurinntöku í fiskinn. Nokkur eldisfyrirtæki í útflutningi sem eru með vottaða framleiðslu fyrir ákveðinn markað, t.d. Whole food í Bandaríkjunum sem krefst mælinga á fiski m.a. á aðskotaefnum af óháðum erlendum aðila. Einnig finnast sjávarútvegsfyrirtæki á Íslandi sem uppfylla kröfur erlendra eftirlitsaðila. Slík fyrirtæki ættu að vera undanskilin ákvæði í 6. gr. enda uppfylla mælingar sem gerðar eru hjá fyrirtækinu kröfur MAST um mælingar. Þá eru dæmi um að sami rekstraraðili er með fleiri en eina eldisstöð en notar sama fóður fyrir eldisstöðvarnar. Þegar svo háttar til nægir sýni eða mæling úr annarri hvorri eldisstöðunni.


Þótt færð séu rök fyrir nokkrum þáttum reglugerðar / gjaldskrárbreytinganna í greinargerð MAST getur sú greinargerð vart talist fullnægjandi né ýkja upplýsandi. Það ætti að vera meginregla að a.m.k. rekstraráætlun og uppgjör stofnunarinnar fylgi með þannig að umsagnaraðilar geti átt að sig á samsetningu tekna og gjalda stofnunarinnar og ráðstöfun þeirra gjalda sem verið er að leggja á iðnaðinn. Þá vantar alveg svíðsmyndir sem sýna eftirlitskostnað sem lögð verða á dæmigerð matvæla- og fóðurþyrtæki.

Að öðru leyti er vísað til fyrri umsagnar samtakanna frá 26. febrúar 2010.


Óskað er eftir því að starfshópur um ofangreind mál verði settur á laggirnar með varanlegum hætti og að þegar í stað verði boðað til fundar með hagsmunaaðilum um ofangreindar athugasemdir.

Virðingarfyllst,

Félag íslenskra fiskmjölsframleiðenda

  
Jóhann Pétur Andersen

Landssamband fiskeldissstöðva og Samtök fiskvinnslustöðva

  
Guðbergur Rúnarsson


Landssamband íslenskra útvegsmanna

  
Friðrik Friðriksson


Landssamtök sláturleyfishafa

  
Sigurður Jóhannesson


Samtök atvinnulífsins

  
Pétur Reimarsdóttir

Samtök iðnaðarins

  
Ragnheiður Héðinsdóttir

Samtök verslunar og þjónustu

  
Lárus Ólafsson